



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað með breytingum á gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks

Dags: 15. janúar 2020

Málsnúmer: 201910312/2.11

Málsmeðferð: Til samþykktar

Frá: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Verkefnastjóri þróunar- og gæðamála

Forsaga

Breytingar voru gerðar á gjaldskrá akstursþjónustu sem tóku gildi 1.1.2020. Gjaldskráin hefur eingöngu verið uppfærð gagnvart kostnaðarhlutdeild notanda þjónustunnar en hún var upprunalega sett fram og samþykkt í kringum áramótin 2013/2014.

Breytingar hafa verið gerðar á þeim lögum sem akstursþjónustan byggir á síðan núverandi gjaldskrá var sett fram.

Frá því gjaldskráin var sett fram hefur Mosfellsbær orðið aðili að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin sem eru aðili að þeirri sameiginlegu þjónustu hafa sett fram sameiginlegar reglur og þjónustulýsingu. Í þeim sameiginlegu reglum og þjónustulýsingu er kveðið á um ákveðið samræmi milli sveitarfélaga í veitingu þessarar þjónustu. Núverandi gjaldskrá er ekki til samræmis við þær reglur og þjónustulýsingu og því er lagt til að neðangreindar breytingar á gjaldskrá verði samþykktar til að gæta að samræmi.

Greinargerð

Til samræmis við heiti þjónustunnar samkvæmt lögum er lagt til að heiti gjaldskrár verði breytt úr ferðaþjónustu í akstursþjónustu.

1. gr.: Ekkert er kveðið á um að þjónustan heiti félagsleg akstursþjónusta og því lagt til að orðið „félagsleg“ verði felld á brott. Að auki er fjallað um „fatlað fólk“ en ekki „fatlaða“ og því lagt til að það verði til heitis við lög. Orðalagsbreytingar eru lagðar til í 2. mgr.
2. gr.: Þjónustusvæði akstursþjónustunnar er skilgreint í sameiginlegum reglum sem innan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er því gert ráð fyrir að akstursþjónusta sé samþykkt utan þess svæðis og þessi grein því felld á brott.
3. gr.: Núverandi 3. gr. breytist í 2. gr. og er gjald vegna aðstoðarfólks eða auka farþega breytt til samræmis við ákvæði í sameiginlegri þjónustulýsingu þar sem greitt er fullt fargjald akstursþjónustu fyrir aukafarþega og ekkert greitt fyrir aðstoðarfólk.
4. gr.: Þessi grein kveður á um þann lagagrunn sem akstursþjónusta byggir á, en nú á hún stoð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Er því hér með lagt til að breytingar á gjaldskrá verði samþykktar samkvæmt ofansögðu.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Fjölnisdóttir